

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. júlí 2023 vegna auglýsingar á tillögu að nýju deiliskipulagi vegna Fossvogsblettur 2-2A – Ævintýraborgir

Góðan dag, það tilkynnist hér með að auglýsing á nýju deiliskipulagi vegna Fossvogsblettur 2-2A – Ævintýraborgir, birtist í Morgunblaðinu í dag, miðvikudaginn 26. júlí 2023. Tillagan er í kynningu frá 26. júlí 2023 til og með 7. september 2023. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgátt.is. Sjá eftirfarandi slóð: www.skipulagsgatt.is

Fossvogsblettur 2-2A – Ævintýraborgir

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. júní 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 29. júní 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Fossvogsblett 2-2A. Í breytingunni sem lögð er til felst gerð leikskólalóðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **26. júlí 2023 til og með 7. september 2023**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 7. september 2023**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.
mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.